

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 205/2012

2013/EES/18/01

frá 7. desember 2012

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 427/2012 frá 22. maí 2012 um rýmkun á sérstökum ábyrgðum varðandi salmonellu sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 853/2004 svo að þær nái til eggja sem á að flytja til Danmerkur ⁽¹⁾.
- 2) Í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn segir: „Ákvæði þessa kafla skulu taka til Íslands, að frátöldum ákvæðum um lifandi dýr, önnur en fisk og eldisdýr, og dýraafurðir á borð við egg, fósturvísu og sæði. Ef tiltekin gerð á ekki að taka til Íslands eða aðeins að hluta til skal það tekið fram í tengslum við þá gerð“. Til þess að gæta samræmis, ber að fella vísun í þessa málsgrein inn í EES-samninginn að því er varðar reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 ⁽²⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 191, 28.5.2004, bls. 1, í þeirri mynd sem hún var felld inn EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 137/2007 frá 26. október 2007 ⁽³⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði I. kafla I. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í 11. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004) í hluta 1.1:
„Ákvæði þessarar gerðar taka til Íslands að því er varðar svið sem um getur í 2. mgr. inngangsorðanna.“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 17. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004) í hluta 6.1:
„17a. **32012 R 0427**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 427/2012 frá 22. maí 2012 um rýmkun á sérstökum ábyrgðum varðandi salmonellu sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 853/2004 svo að þær nái til eggja sem á að flytja til Danmerkur (Stjtið. ESB L 132, 23.5.2012, bls. 8).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 132, 23.5.2012, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 100, 10.4.2008, bls. 53, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 10.4.2008, bls. 58.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 427/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. desember 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. desember 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.